

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi. Sektir renni í ríkissjóð.

Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allh að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af atferli, sem er ólögmeitt.

9. gr.

Að öðru leyti fer um verndun Laxár- og Mývatussvæðisins eftir reglum í lögum um náttúruvernd.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G**um lántökuheimildir erlendis.****FÖRSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 569 millj. kr., sem verja skal sem hér segir:

- a) til framkvæmda í raforkumálum 149 millj. kr.
- b) til orkurannsóknna 127 millj. kr.
- c) til flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland 100 millj. kr.
- d) til Laxárvirkjunar 100 millj. kr.
- e) til landshafna 18 millj. kr.
- f) til Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar í Fljótaá 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að ábyrgjast tækjakaupalán vegna Rafmagnsveitna ríkisins að jafnvirði allt að 90 millj. kr. vegna kaupa á þrýstivatnspípu og vélbúnaði til Mjólkár-
virkjunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.